

17.10.2011

Efni: Ofanflóðavarnir neðan Gleiðahjalla á Ísafirði. Könnun á fornleifum á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

Þann 9. september 2011 fór Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða og tók út svæði við Gleiðihjalla þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir vegna ofanflóðamannvirkja. Svæðið sem um ræðir er í landi jarðarinnar Eyrar.

Árið 2002 var gerð forleifaskráning í Ísafjarðarbæ af Náttúrustofu Vestfjarða og þá var jörðin Eyri fornleifaskráð (Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher 2002). Engar minjar fundust við þá skráningu á svæðinu sem um ræðir við Gleiðihjalla né heldur heimildir um minjar á svæðinu.

Á síðasta ári var unnin rannsóknarskýrsla sem bar nafnið *Frá kotbýlum til bæjarsamfélags. Kortlagning sögulegs landslags á Vestfjörðum*. Þar finnast engar heimildir um byggð á umræddu svæði (Kristin Nikulás Edvardsson 2010).

Við frekari fornleifakönnun þann 9. September sl. fundust engar minjar á svæðinu.

Þess má geta að oft sjást fornleifar ekki á yfirborði og ef minjar koma í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildir

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. 1. hluti: Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NV nr. 6-02.

Kristinn Nikulás Edvardsson. 2010. Frá kotbýlum til bæjarsamfélags. Kortlagning sögulegs landslags á Vestfjörðum. Rannsóknarskýrsla.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur